

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 30/2006

frá 10. mars 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjaland, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/26/EB frá 21. apríl 2004 um breytingu á tilskipun 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 225, 25.6.2004, bls. 3.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB) í XXIV. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32004 L 0026:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/26/EB frá 21. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 146, 30.4.2004, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 225, 25.6.2004, bls. 3.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/26/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 225, 25.6.2004, bls. 3, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. mars 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 146, 30.4.2004, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.